

**7. gr.**

Halli vegna heimilishjálpar, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{2}{3}$  úr sýslusjóðum, sem endurkrefja hreppsfélögin um andvirði veittrar vinnu til hvers sveitarfélags.

**8. gr.**

Sýsluskrifstofan í Borgarnesi annast greiðslur og reikningshald vegna heimilishjálparinnar.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sýslusjóðs.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1972.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

**REGLUGERÐ**

**um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum  
um almannatryggingar.**

**1. gr.**

Við ákvörðun tekna elli- og örorkulífeyrisþega skal miða við bætur almanna-trygginga til viðkomandi umsækjanda sjálfs, eins og þær eru á hverjum tíma, þegar hækkun kemur til álita, en aðrar tekjur skulu ákveðnar samkvæmt nýjustu upplýsingum, sem skattfyrirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Til annarra tekna samkvæmt 1. málsgrein teljast allar tekjur samkvæmt tekjudálki skattskýrslu, aðrar en bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eigin húsaleiga og tekjur barna.

Hækka skal lífeyri einstaklings samkvæmt 1. málsgrein um það, sem á vantar, að hann ásamt öðrum tekjum samkvæmt 2. málsgrein nemi 120 þús. kr. á ári.

**2. gr.**

Á sama hátt og um getur í 1. gr. skal tryggja hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, 216 þús. kr. tekjur. Hækka skal bætur hjónanna um það, sem á vantar, að samanlagðar tryggingabætur þeirra og aðrar tekjur nemi samtals 216 þús. kr. á ári.

**3. gr.**

Nú nýtur annað hjóna örorku- eða ellilífeyris en hitt ekki, og skal þá miðað við samanlagðar tekjur þeirra og tryggingabætur og hækka bætur lífeyrisþegans í 120 þús. kr., ef sú hækkun leiðir ekki til þess, að samanlagðar tekjur hjónanna fari yfir 216 þús. kr.

## 4. gr.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem komið hafa í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkvæmt 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós, að úrskurður bóta hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara.

## 5. gr.

Þeir, sem eiga rétt til hækkunar á ellilífeyri vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkvæmt 11. gr. laganna, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. grein hér að framan.

## 6. gr.

Við ákvörðun lágmarkstekna samkvæmt framansögðu, svo og við ákvörðun á heimildarhækkunum, skal eftir því, sem við verður komið, hafa gætur á, hvort umsækjandi um slíkar bætur hefur ráðstafað eignum sínum með þeim hætti, að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar. Þegar svo stendur á, metur tryggingaráð, hvort synja skuli umsókn.

## 7. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komið af án þess. Á þetta t. d. við um kostnað vegna vistunar á elliheimili. Skal tryggingaráð í samráði við ráðuneytið ákveða nánar hámarksgreiðslu vegna elliheimilisdvalar.

Enn fremur er heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó umsækjandi dvelji í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu, eftir nánari fyrirmælum tryggingaráðs. Aldrei skulu þó tryggingabætur samkvæmt þessari málsgrein ákveðnar hærri en hámarksbætur vegna þeirra, er á elliheimilum dvelja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, samanber lög um breyting á þeim lögum nr. 96 27. desember 1971, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. janúar 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

**Páll Sigurðsson.**